

# Ársskýrsla 2013

LÍFEYRISSJÓÐUR  
VERKFRÆÐINGA





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Um sjóðinn .....	6
Ávöxtun og þróun markaða .....	7
Iðgjöld og lífeyrir .....	8
Áhættustefna.....	10
Fjárfestingarstefna .....	11
Tryggingafræðileg staða.....	12
Verðbréfaeign og fjárfestingar .....	13
Séreignardeild .....	14
Sjóðfélagalán.....	16
Stjórn .....	17
Starfsmenn .....	18
Ársreikningur .....	19
Áritun og skýrsla stjórnar.....	20
Áritun endurskoðenda .....	23
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	24
Efnahagsreikningur .....	26
Sjóðsstreymi.....	28
Skýringar.....	30
Kennitölur .....	35

## ► Ávarp stjórnarformanns

Afkoma Lífeyrissjóðs verkfræðinga á árinu 2013 var jákvæð bæði í samtryggingardeildinni og öllum leiðum séreignardeildarinnar. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar nam 4,6% sem er vel yfir því 3,5% viðmiði sem lífeyrissjóðum er sett. Séreignarleiðirnar skiluðu á sama tíma jákvæðri raunávöxtun á bilinu 0,9% til 10,3%. Allar eru þessar afkomutölur vel ásættanlegar í því rekstrar- og fjárfestingaumhverfi sem sjóðurinn starfaði og miðað við þá fjárfestingastefnu sem í gildi var.

Í árslok nam samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris 51,3 milljörðum króna og hafði þá aukist um 6,4 milljarða króna á árinu.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði á árinu og var í árslok jákvæð um 1,3%. Hefur þá verið tekið tillit til þeirrar raunávöxtunar sem náðist á árinu, breytinga á örorkuviðmiði fyrir sjóðinn til samræmis við örorkutíðni fyrri ára og lækkun réttinda sem sjóðfélagar tóku á sig á síðari hluta ársins. Staða sjóðsins getur nú talist trygg til framtíðar.

Á aðalfundi 2013 voru samþykktar umfangsmiklar breytingar á samþykktum sjóðsins þar sem meðal annars var kveðið á um að kjósa skuli stjórn með rafrænum hætti fyrir aðalfund. Er þetta liður í því að nýta betur upplýsingatæknina sjóðfélögum til hagsbóta en á undangengnum árum hefur verið lögð áhersla á það samhliða því að bæta aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum. Stærsti einstaki liðurinn í þeirri viðleitni er sjóðfélagavefgáttin

sem tekin var í notkun í apríl í fyrra og er núna m.a. nýtt við stjórnarkjörið. Ástæða er til að hvetja alla sjóðfélaga til að skrá netföng sín á gáttinni til að auðvelda enn frekar dreifingu upplýsinga með rafrænum hætti.

Almennt talað hefur rekstrarumhverfi og rekstur Lífeyrissjóðs verkfræðinga farið batnandi undanfarin ár. Stöðugleika er náð í eignasafninu sem hefur smám saman verið lagað að breyttri fjárfestingarstefnu og reglulega er fylgst með þróun helstu áhættuþátta í samræmi við áætlun þar um. Meðal þeirra þátta sem fylgst er með og sjóðurinn er viðkvæmastur fyrir eru verðbólga, styrking íslensku krónunnar, verðlækkun íslenskra hlutabréfa og vaxtalækkun á íslenskum skuldabréfamarkaði sem gæti gert sjóðnum erfitt fyrir að viðhalda sömu ávöxtun á skuldabréfahluta eignasafnsins. Fjárfestingarstefna yfirstandandi árs tekur að sjálfsögðu tillit til þessara þátta.

Fyrir utan þessa fjárhagslegu áhættuþætti er rétt að benda á pólitíska áhættu sem erfiðara getur verið að verja sig fyrir og felst í þeirri tilhneigingu stjórnvalda að breyta stöðugt laga- og reglugerðaramma lífeyrissjóðanna, oft með ófyrirséðum afleiðingum. Nýlegt dæmi þar um eru lög um starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK), frá 2012, sem koma hlutfallslega illa niður á okkar sjóði. Annað dæmi eru nýlegar breytingar á lögum um almannatryggingar sem líka koma illa við okkar sjóðfélaga. Í ljósi hlutverks lífeyrissjóða og langtímaæðlis þeirra er illskiljanlegt hvernig stjórnvöld leyfa sér stöðugar og oft tilviljanakenndar breytingar á forsendum þeirra.

Á komandi aðalfundi mun verða lögð fram tillaga um breytingu á nafni sjóðsins í „Lífsværk lífeyrissjóður“. Á undanförunum árum hefur „Lífsværk“ verið notað stöðugt meira í óformlegum samskiptum um sjóðinn og er í raun þegar orðið hið óformlega heiti hans. Í ljósi breyttrar samsetningar sjóðfélaga og þess markmiðs okkar að stöðugt fleiri háskólamenntaðir sérfræðingar muni eiga samleið með sjóðnum finnst stjórninni líka eðlilegt að stíga þetta skref núna. Er það einn liður í áætlun um innri vöxt sjóðsins sem stendur í dag styrkum fótum og býr að sérstöðu sem ætti að höfða til stöðugt vaxandi hóps einstaklinga.

Á yfirstandandi ári verða liðin 60 ár frá stofnun sjóðsins. Þrátt fyrir það er sjóðurinn enn „ungur“ með lágt hlutfall lífeyrsgreiðslna á móti iðgjöldum. Það er ánægjulegt til þess að vita að á þessum tímamótum er sjóðurinn í góðri stöðu til að sinna hlutverki sínu og að við skulum geta horft bjartsýn fram á veginn. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsmönnum og félögum mínum í stjórn sjóðsins undanfarin ár fyrir árangursríkt og ánægjulegt samstarf við að snúa honum á rétta braut. Framundan er frekari uppbygging sem ég hlakka til að taka þátt í með þeirra aðstoð.

Valur Hreggviðsson  
Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga

## ► Um sjóðinn

Lífeyrissjóður verkfræðinga, Lífsverk, var stofnaður árið 1954 af Verkfræðingafélagi Íslands og hét sjóðurinn þá Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem tók upp sjóðfélagalýðræði og byggði á aldurstengdum réttindum. Nú á sextugusta afmælisári sínu er hann fyrsti lífeyrissjóðurinn, svo vitað sé, til þess að bjóða upp á rafrænt stjórnarkjör með það að markmiði að auðvelda sjóðfélögum að nýta kosningarétt sinn.

Lífsverk er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir samtryggingar- og séreignardeild. Í boði eru tvær leiðir fyrir 12% skylduðgjald í samtryggingardeild.

- Samtryggingarleið
- Blönduð leið

Leiðirnar eru ólíkar með tilliti til erfanleika og útgreiðslna.


**Samtryggingarleiðin** er leið þar sem 12% skylduðgjaldið rennur allt í samtryggingardeild og veitir sjóðfélögum hærri ævilangan lífeyri. Með greiðslu iðgjalda í samtryggingardeild ávinnur sjóðfélagi sér víðtæk og dýrmæt réttindi. Réttindaávinnsla fyrir greidd iðgjöld er afar góð hjá sjóðnum og með því hæsta sem býðst hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Réttindin felast í greiðslu ævilangs lífeyris sem tekur mið af greiddum iðgjöldum, tryggingavernd vegna örorku sjóðfélaga, auk maka- og barnalífeyris. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum

öðrum lífeyrissjóðum. Mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris eykst stöðugt með hækkandi lífslíkum.

**Blandaða leiðin** er leið þar sem 12% skylduðgjaldi er skipt í 10% iðgjald sem rennur í samtryggingardeild og 2% sem rennur í séreignardeild. Þessi leið veitir sjóðfélögum aukinn sveigjanleika í útgreiðslum þar sem hluti af skyldusparnaði rennur í séreign sem erfist. Hægt er að velja á milli þriggja mismunandi ávöxtunarleiða, Lífsverk 1, 2 og 3, sem hafa mismunandi áhættustig.

Allir verkfræðingar og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar geta sótt um aðild að samtryggingardeild sjóðsins. Almennt er þó miðað við að þeir hafi lokið a.m.k. fyrstu háskólagráðu í raungreinum (BSc eða sambærilegt) eða framhaldsnámi í háskóla í öðrum greinum (MS, MA, MBA, PhD eða sambærilegt). Öllum er þess utan heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um.

Sjóðurinn stækkaði um 14,2% á árinu og námu heildareignir beggja deilda, samtryggingar og séreignar, um 51,3 milljörðum króna. Hrein eign í árslok 2013 til greiðslu lífeyris í samtryggingardeild var 44.511 m.kr. og í séreignardeild 6.848 m.kr. Allar fjárfestingarleiðir skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun á árinu.



### Gildi sjóðsins eru:

► Heilindi

► Jákvæðni

► Ábyrgð

## ► Ávöxtun og þróun markaða

### Ávöxtun samtryggingardeildar

Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var góð þegar tekið er mið af áhættustigi sjóðsins og fjárfestingarmöguleikum. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 44.511m.kr. og hækkaði um 13,8% á milli ára.



Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 8,7% og raunávöxtun 4,8%, samanborið við 10,5% nafnávöxtun og 5,8% raunávöxtun árið 2012. Annað árið í röð var hrein raunávöxtun sjóðsins yfir þeim 3,5% mörkum sem lífeyrissjóðum er gert að miða við í útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu. Innlend hlutabréf gáfu bestu ávöxtun eignaflokka í samtryggingardeild og innlend skuldabréf næst bestu ávöxtunina. Hlutfall erlendra mynta sjóðsins í árslok var 18,2% og hafði styrking krónunnar veruleg áhrif til lækkunar á ávöxtun erlendra eigna.

### Þróun markaða

Vísitala neysliverðs hækkaði um 3,7% á árinu og gengi krónunnar styrktist um rúm 9%. Stýrivextir Seðlabankans héldust óbreyttir í 6% á árinu. Verðtryggð skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 3% á árinu en óverðtryggð skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 5,5%.

Stýrivextir erlendis hafa áfram verið í sögulegu lágmarki undanfarin misseri eða á bilinu 0 – 1% hjá mörgum þjóðum, eins og t.d. í Bandaríkjunum, Japan og í Evrópu. Góð hækking var á heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI) en vísitalan hækkaði um 24,1% mælt í USD og bandaríska S&P 500 vísitalan hækkaði um 29,6% mælt í USD. Þá var einnig góð hækking á hlutabréfavísitölum í Evrópu en t.d. þá hækkaði þýska vísitalan DAX um 24,4% mælt í EUR og breska vísitalan FTSE um 14,4% mælt í GBP. Hinsvegar var snörp lækkun á þróunarmörkuðum og til að mynda lækkaði MSCI BRIK vísitalan (Brasilía, Rússland, Indland og Kína) um 10,4% mælt í EUR.

Hlutfé í Tryggingamiðstöðinni, Vátryggingafélagi Íslands og N1 var tekið til viðskipta í Kauphöll Íslands á árinu. Griðarleg eftirspurn myndaðist í útboðunum og t.a.m. tók Fjármálaeftirlitið til skoðunar hvort möguleg markaðsmisnotkun hafi átt sér stað. OMXI6I hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 18,9% á árinu. Mest hækkaði Icelandair eða um 121,4%. Þá hækkaði Bank Nordik um 81,8% og Hagar um 68,4%. Mest lækkaði Atlantic Petroleum eða um 21% og Fjarskipti (Vodafone) um 16,3%.



## ► Iðgjöld og lífeyrir

### Iðgjöld

Iðgjaldgreiðslur til samtryggingardeildar sjóðsins námu 2.558 m.kr. sem er aukning um 5,7% frá fyrra ári. Á árinu greiddu 2.830 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn en að jafnaði greiddu 2.566 sjóðfélagar í sjóðinn sem er fækkun um 7 frá fyrra ári. Hlutfall karla sem greiddu í sjóðinn er um 80% og kvenna um 20%. Fjöldi launagreiðenda sem greiddu í sjóðinn var 991 samanborið við 961 árið áður.



	2013	2012	% breyting milli ára
Iðgjöld í m.kr.	2.558	2.419	5,75%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.566	2.573	-0,27%
Fjöldi sjóðfélaga sem greiddu í sjóðinn	2.830	2.839	-0,32%

Meðalaldur virkra greiðenda í sjóðnum er 43,63 ár og hækkar lítillega frá fyrra ári.

Sjóðfélagar í samtryggingardeild sjóðsins geta orðið háskóla-menntaðir sérfræðingar sem lokið hafa BS gráðu í raungreinum eða sem lokið hafa framhaldsnámi (MA, MS, MBA, PhD) í öðrum greinum. Sjóðfélagar í samtryggingardeild öðlast virkan atkvæðisrétt í sjóðnum og geta tekið þátt í rafrænu stjórnarkjöri og öðrum kosningum á aðalfundi sjóðsins.

Örorkutíðni sjóðfélaga er ennþá með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Það þýðir að sjóðurinn getur varið herra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir.

Lágmarksiðgjald í samtryggingardeild sjóðsins er 10% af launum og hámarksiðgjald er 16% af launum.





## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 512 m.kr. á árinu 2013 og var það aukning um 4,5% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum hækkar úr 20,2% árið 2012 í 21,2% árið 2013.

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 3,7% á árinu.

Alls eiga 4.142 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum í lok árs sem er 1,6% aukning frá fyrra ári.

	2013	2012	% breyting milli ára
Lífeyrisgreiðslur	512	490	4,5%
Fjöldi lífeyrisþega	301	295	2,0%


Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna var þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 76,6% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins, makalífeyrir var 14%, barnalífeyrir var 1,5% og örorkulífeyrir var 7,9%.

Lífslíkur Íslendinga hafa breyst mikið undanfarin ár og geta sjóðfélagar sem náð hafa lífeyrisaldri nú vænst þess að fá greitt úr samtryggingarsjóðum u.þ.b. 2-4 árum lengur en áður. Samtryggingarsjóðir greiða lífeyri ævilangt til sjóðfélaga og með hækkanði lífaldri fær þessi stoð lífeyriskerfisins aukið vægi fyrir sjóðfélaga.


Aldurstengd réttindaávinnsla samtryggingardeildar er góð samborið við aðra samtryggingarsjóði.

Tryggingavernd er góð hjá sjóðnum og nokkuð yfir lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### Fjöldi lífeyrisþega



### Lífeyrir



## ▶ Áhættustefna

Áhættustefna sjóðsins var sett með hliðsjón af leiðbeinandi til- mælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingar- deilda lífeyrissjóða.

Tilgangur áhættustefnunnar er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig og hvenær fylgst verður með þessum áhættu- þáttum. Þá leggjur sjóðurinn mat á mikilvægi hvers áhættu- þáttar. Árlega er áhættustefna sjóðsins endurmetin samhliða vinnu við fjárfestingarstefnu komandi árs og tekur fjárfestingar- stefnan á mörgum skilgreindum áhættum í áhættustefnunni.

Áhætta er skilgreind sem hættu á atburði sem dregur úr lík- unum á því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum, en meginmarkmið lífeyrissjóðsins er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta er því öll þau atvik er geta marktækt haft áhrif á getu lífeyrissjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma.

Áhættu sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu, lífeyristryggingar- áhættu, lausafjáraáhættu, mótaðilaáhættu og rekstraráhættu.

### Fjárhagsleg áhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega skýrslu um fjárhags- lega áhættu sjóðsins en þar er farið ofan í þá áhættuþætti sem taldir eru upp hér fyrir neðan undir fjárhagsleg áhætta.

Ýmsar næmnigreiningar eru gerðar og áhrif þeirra á eignasafnið metin. Sem dæmi er vaxtaáhætta verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta skoðuð. Þar er mælt hvaða áhrif 1% breyting á vöxtum hefur á markaðsvirði eignasafnsins út frá mismunandi líftíma. Þá er verðbreyting á stærstu myntum sjóðsins skoðaðar sem og EUR/USD krossinn og hvaða áhrif verðbólga hefur á trygginga- fræðilega stöðu.

Einnig eru ýmsar sviðsmyndir settar fram þar sem áhrif ýmissa þátta á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin. Þar er verð- bólguskot skoðað, miklar verðbreytingar á erlendum og inn- lendum hlutabréfamörkuðum sem og sveiflur á gengi krónunnar svo dæmi séu nefnd.

Reiknað er út ársfjórðungslegt og árlegt fé í húfi (e. VaR) miðað við 99% vissu bæði út frá uppgjöri á kaupkröfu og markaðskröfu. VaR er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við nú- verandi eignasafn og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta sveiflur eignasafna.

Fjárhagsleg áhætta	Lífeyristryggingar- áhætta	Lausafjáraáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
Vaxta- og endurfjár- festingaáhætta Uppgreiðsluáhætta Markaðsáhætta Gjaldmiðlaáhætta Ósamræmisáhætta Verðbólguáhætta Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings	Skerðingaráhætta Iðgjaldaáhætta Umhverfisáhætta Lýófræðileg áhætta Réttindaflutnings- áhætta	Seljanleikaáhætta Útstreymisáhætta	Útlánaáhætta Samþjöppunaráhætta Landsáhætta Afhendingaráhætta Uppgjörsáhætta	Starfsmannaáhætta Áhætta vegna svika Áhætta vegna upplýsingatækni Orðsporsáhætta Pólítísk áhætta/lög og reglur Skjalaáhætta Úrskurðaráhætta Lífeyris Áhætta vegna útvistunar Upplýsingaáhætta

## ► Fjárfestingarstefna


Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð árlega og samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2014 í nóvember sl. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðarhorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum hans, framtíðargreiðsluflæði, aldurssamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu. Auk þess var samspil eigna og skuldbindinga skoðað út frá hversu næmt safnið var með tilliti til verðbólgu og breytingu vaxta. Í kjölfarið voru gerðar ýmsar sviðsmyndir. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins ásamt fjárfestingarheimildum.

Þá eru ákveðin vikmörk á hverjum eignaflokki í fjárfestingarstefnunni en tilgangur vikmarka er að sjóðurinn geti nýtt sér markaðsaðstæður á hverjum tíma eða brugðist við óvæntum aðstæðum. Fjárfestingarstefnan var svo borin saman við eignasafn sjóðsins og fjárfestingarstefnu árs 2013 í framfallinu (e. efficient frontier).

Í ljósi gjaldeyrishafta og í kjölfar bankahruns hafa fjárfestingarkostir lífeyrissjóða takmarkast mikið. Þó hefur fjárfestingarkostum innanlands verið að fjölga aðeins og horfur eru á að það muni halda áfram. Fjárfestingarstefnan endurspeglar þó þann skort á fjárfestingartækifærum sem eru í dag. Ef borin er saman eignasamsetning samtryggingardeildar sjóðsins í lok árs 2013 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2014 eru helstu breytingar þær að innlán og innlend skuldabréf minnka lítillega og erlend hlutabréf og sérsniðnar fjárfestingar aukast.

### Viðmið eignaflokka

Hver undirflokkur eigna hefur sitt viðmið og er árangur og flökt hvers flokks borin reglulega saman við árangur og flökt viðmiðs. Viðmið eignaflokka eru í töflu hér fyrir neðan.



Innlán	OMX13MNI vísitala ríkisbréfa með 3ja mánaða líftíma
Innlend skuldabréf	Gamma GBI skuldabréfavísitala
Innlend hlutabréf	OMX16GISK hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands
Erlend hlutabréf	MSCI World Index Total Return hlutabréfavísitala Morgan Stanley
Erlend skuldabréf	BARCAP TR Bond Index skuldabréfavísitala Barclays Capital
Sérsniðnar fjárfestingar	HFRI FoF Composite Index marksjóðasjóðavísitala frá Hedge Fund Research

## ► Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildareignir 1,3% umfram heildarskuldbindingar í árslok og var staða sjóðsins því jákvæð.

Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingafræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum hans.


Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem leyfilegur er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að bregðast þurfi við. Í samþykktum er kveðið á um að frávik megi ekki vera meira en 10% og er staða sjóðsins innan þeirra marka. Samkvæmt lögum eru vikmörk almennt 10% á einstöku ári og ef munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í 5 ár þá þarf að gera breytingar á samþykktum. Frá árinu 2009 hafa verið í gildi bráðabirgðalög sem hafa víkkað þessi vikmörk tímabundið.

Staða áfallinna skuldbindinga nam 1.331 m.kr. umfram eignir og var þannig neikvæð um -3%. Er þá búið að taka tillit til lækkunar á áunnum réttindum í nóvember s.l. sem samþykkt var á aðalfundi 2013. Vænt framtíðariðgjöld eru hins vegar 2.393 m.kr. hærri en áætlaðar framtíðarskuldbindingar eða sem nemur 7% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð um 1.062 m.kr. eða um 1,3%.

Helstu ástæður breytinga frá fyrra ári voru;

- Endurmetin ávöxtun sjóðsins af hálfu tryggingafræðings studdi við ávöxtunarviðmið sjóðsins 3,5%,
- Leiðrétting á áunnum réttindum í nóvember 2013
- Breyting tryggingafræðings á forsendum um örorkulífur, úr 40% í 25%, sem endurspeglar betur en áður sögulegt vægi örorkulífeyris í sjóðnum.

Samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins sem staðfestar voru á síðasta ári þá skal reikna nýjar réttindatöflur fyrir sjóðinn þar sem staða framtíðar er jákvæð umfram 3%. Það þýðir að sjóðfélagar munu ávinna sér aukinn rétt með greiðslu iðgjalda til sjóðsins þegar þessi breyting hefur tekið gildi um næstu áramót.



## ► Verðbréfaeign og fjárfestingar


### Verðbréfaeign í árslok

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 44.361 m.kr. í lok ársins. Samsetning verðbréfasafnsins var innan vikmarka fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Bankainnstæður voru 3,6% af verðbréfaeign sjóðsins í lok ársins, sjóðfélagalán voru 14,5%, önnur innlend skuldabréf voru 46,7%, innlend hlutabréf voru 14,3%, erlend skuldabréf voru 5,9%, erlend hlutabréf voru 6,3% og sérsniðnar fjárfestingar voru 8,7%.


Íslenska ríkið er langstærsti útgefandi skuldabréfa í eignasafni sjóðsins. Vægi ríkisskuldabréfa minnkaði lítillega á milli ára og nam 31,8% í samanburði við 32,5% í lok árs 2012. Lítil breyting var á vægi annarra innlendra skuldabréfa en ríkis. Þá minnkaði vægi innlána um 1,1%. Vægi innlendra og erlendra hlutabréfa hækkaði en vægi erlendra skuldabréfa lækkaði. Þá lækkaði vægi sérsniðinna fjárfestinga.

Skipting eigna í erlendum gjaldmiðlum




Fjárfestingar	Kaup	Sala/afborgun	Alls
Bankainnstæður	179	-	179
Sjóðfélagalán	290	-680	-390
Ríkisskuldabréf	5.438	-4.286	1.152
Önnur innl. skbr.	1.207	-1.084	123
Innl. hlutabréf	2.150	-673	1.477
Erl. Skuldabréf	5.243	-5.422	-179
Erl. Hlutabréf	1.317	-770	547
Sértækar fjárfestingar	225	-152	73
<b>Samtals</b>	<b>16.049</b>	<b>-13.067</b>	<b>2.982</b>

Innlend skuldabréf



Verðbréfaeign í árslok



## ► Séreignardeild

Fjórir af hverjum tíu launþegum greiða ekki í viðbótarlífeyrissparnað og verða þar af leiðandi af 2% launahækkun eða 100% ávöxtun á 2% mótframlag sitt. Þá er gert ráð fyrir í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar að hægt verði á árunum 2014 – 2016 að greiða inn á höfuðstól húsnæðislána eða inn á sérstakan húsnæðissparnaðarreikning með óskattlögðum viðbótarlífeyrissparnaði. Erfitt er að finna sparnaðarform sem stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað.



Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Hluti af 12% skylduútgjaldi sjóðfélaga, 2%, greiðist til séreignardeildar sem séreign þegar valin er Blönduð leið hjá sjóðnum. Séreignarsparnaður veitir sjóðfélögum aukið svigrúm til úttekta á lífeyri og sveigjanleika við starfslok. Þannig er heimilt samkvæmt lögum að hefja úttekt á séreignarsparnaði frá 60 ára aldri með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum á ákveðnu tímabili. Séreign erfist við fráfall sjóðfélaga.

Breyting hefur verið gerð á nöfnum séreignardeilda Lífsverks. Áfram verða þrjár mismunandi leiðir í boði og eru fjárfestingaráherslur leiðanna óbreyttar. Lífsverk 1 fjárfestir í innlendum og erlendum hlutabréfum og innlendum skuldabréfum og hefur


sömu fjárfestingarstefnu og Séreignardeild 2 hafði. Lífsverk 2 fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum og hefur sömu fjárfestingarstefnu og Séreignardeild 1 hafði. Lífsverk 3 fjárfestir eingöngu í innlánnum og ríkistryggðum skuldabréfum og hefur sömu fjárfestingarstefnu og Séreignardeild 3 hafði.

Séreignardeildirnar skiluðu góðri ávöxtun á árinu 2013 en jákvæð nafn- og raunávöxtun var á öllum leiðunum ásamt því að allar leiðirnar skiluðu umtalsvert betri ávöxtun en markaðsviðmið þeirra. Lífsverk 1 (áður Séreignardeild 2) skilaði 14,3% nafnávöxtun og 10,3% raunávöxtun. Lífsverk 2 (áður Séreignardeild 1) skilaði 5,1% nafnávöxtun og 1,4% raunávöxtun og Lífsverk 3 (áður Séreignardeild 3) skilaði 4,6% nafnávöxtun og 0,9% raunávöxtun. Þá hefur 5 ára meðalnafnávöxtun verið mjög góð. Lífsverk 1 hefur skilað að meðaltali sl. 5 ár 14,9% nafnávöxtun, Lífsverk 2 hefur skilað 7,5% og Lífsverk 3 hefur skilað 6,9%.

Sjóðfélagar geta fært séreign á milli leiða endurgjaldslaust eða ákveðið að skipta um þá ávöxtunardeild sem greitt er til með því að fylla út beiðni þar um. Sjóðfélögum er velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins til að fara yfir áhættustig og eignasamsetningu séreignardeilda.



Framlag innlendra hlutabréfa í ávöxtun séreignarleída var hæst í Lífsverk 1, framlag ríkisskuldabréfa var hæst í Lífsverk 2, en framlag innlána í Lífsverk 3. Séreignarleíðirnar eru gerðar upp á markaðsverði og er reiknað gengi daglega. Fjárfestingarstefna séreignarleíðanna kveður á um markmið eignasamsetningar verðbréfa eftir helstu eignaflokkum í lok næsta árs með ákveðnum vikmörkum.



Lífeyrisgreiðslur vegna tímabundinnar lagaheimildar til úttektar á séreignarsparnaði námu 76 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 144 m.kr. á árinu 2012.

#### Lífsverk 1 [áður Séreignarleíð 2]



Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 14,3% á árinu 2013 og hrein raunávöxtun var 10,3%. Iðgjöld námu 94 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 9 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 734 m.kr. Alls greiddu 287 sjóðfélagar iðgjald í leið 1 á árinu 2013 og 12 fengu greiddan lífeyri.

#### Lífsverk 2 [áður Séreignarleíð 1]

Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 5,1% á árinu 2013, og hrein raunávöxtun 1,4%. Iðgjöld námu 648 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 130 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 6.045 m.kr. í árslok. Alls greiddu 2.739 sjóðfélagar iðgjald í leið 2 á árinu 2013 og 93 fengu greiddan lífeyri.

#### Lífsverk 3 [áður Séreignarleíð 3]

Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 4,6% á árinu 2012 og hrein raunávöxtun 0,9%. Iðgjöld námu 12,2 m.kr. og lífeyrisgreiðslur voru 40 þ.kr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 69,4 m.kr. Alls greiddu 47 sjóðfélagar iðgjald í leið 3 á árinu 2013 og 1 fékk greiddan lífeyri.



## ► Sjóðfélagalán


Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 4 mánuði og þurfa að vera virkir greiðendur með iðgjöld í skilum. Hámarksfjárhæð lána var nýlega hækkuð í 45 m.kr. á frumlánum (3,7% verðtr. vextir) og viðbótarlán voru hækkuð í 20 m.kr. (4,3% verðtr. vextir). Veðhlutfall íbúðarhúsnæðis er 70% af markaðsvirði fasteignar. Lánin eru veitt til langs tíma eða til 5-40 ára. Ekkert uppgreiðslugjald er á lánunum og lán-takendur geta greitt inn á höfuðstól lána eins oft og þeir vilja á lánstíma.

Ný lán til sjóðfélaga námu 290 m.kr. sem er minnkun um 42% frá fyrra ári. Á fyrstu mánuðum þessa árs hefur orðið veruleg aukning í útgáfu nýrra sjóðfélagalána sem m.a. má rekja til fyrrgreindra breytinga á lánsfjárhæðum. Sjóðfélagar eiga nú möguleika á því að fjármagna húsnæðis kaup sín nær eingöngu hjá sjóðnum á hagkvæmum vaxtakjörum.


Í árslok 2013 var heildarfjárhæð sjóðfélagalána 6.417 m.kr. og lækkar um 2% frá fyrra ári. Fjöldi lána í árslok var 1.754 og fækkar um 4% milli ára. Hlutfall sjóðfélagalána af hreinni eign samtryggingardeildar var 14,7% í árslok og minnkar um 2,5% milli ára. Heildarvanskil sjóðfélagalána eru svipuð milli ára og hækka óverulega. Stærstur hluti vanskila er tilkominn vegna greiðsluskjóls sjóðfélaga hjá umboðsmanni skuldara.

Ný lög um neytendalán nr. 33/2013 tóku gildi þann 1. nóvember 2013 og falla sjóðfélagalán undir þá löggjöf. Ný lög gera umtalsvert meiri kröfur til lánveitenda varðandi upplýsingagjöf til lán-takenda og hefur umsýsla sjóðsins vegna þessa aukist töluvert á árinu.

### Ný sjóðfélagalán



### Staða sjóðfélagalána í lok árs





## ► Stjórn

Blað var brotið í sögu sjóðsins er rafrænt stjórnarkjör fór fram í fyrsta sinn í mars 2014. Aldrei áður hefur slíkt stjórnarkjör farið fram hjá öðrum lífeyrissjóðum svo vitað sé. Markmiðið var að efla lýðræðið enn frekar í sjóðnum og auðvelda sjóðfélögum að hafa áhrif á starfsemi síns sjóðs, s.s. þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í rafrænu kjöri og tveir varamenn á aðalfundi en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í rafrænu kjöri og einn til vara á aðalfundi.

Á árinu 2014 ber að kjósa tvo aðalmenn í stjórn, eina konu og einn karl, og þrjá varastjórnarmenn.

### Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður (2015)  
Þrándur Ólafsson, varaformaður (2014)  
Ásbjörg Kristinsdóttir (2016), fundarritari  
Björn Ágúst Björnsson (2014),  
Helena Sigurðardóttir, (2015)

### Varastjórnarmenn:

Guðrún Rögnvaldardóttir (2015)  
Halldór Árnason (2014)  
Jón Lárus Stefánsson (2015)  
Brynja Baldursdóttir (2016)

Stjórnin kom saman 21 sinnum frá síðasta aðalfundi.



Talið frá vinstri: Auður Finnbogadóttir, Helena Sigurðardóttir, Björn Ágúst Björnsson, Ásbjörg Kristinsdóttir, Þrándur Ólafsson og Þráinn Valur Hreggviðsson.

## ▶ Starfsmenn



Talið frá vinstri: Þórhallur S. Barðason, Rut Hreinsdóttir, Óla Helga Sigfinnsdóttir, Elísabet Katrín Jósefsdóttir, Auður Finnbogadóttir og Lýður H. Gunnarsson

### **Starfsmenn**

Alls störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi á árinu 2013.

### **Starfsmenn sjóðsins í árslok:**

Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri  
Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning  
Lýður H. Gunnarsson, sjóðstjóri  
Óla Helga Sigfinnsdóttir, bókhald og lífeyrismál  
Rut Hreinsdóttir, fjármálastjóri  
Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald



# Ársreikningur 2013

LÍFEYRISSJÓÐUR  
VERKFRÆÐINGA

## ► Áritun og skýrsla stjórnar

### Um sjóðinn

Lífeyrissjóður verkfræðinga er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir samtryggingardeild og þrjár leiðir í séreignardeild. Af 12% skylduframlagi í lífeyrissjóðinn fer 10% til samtryggingardeildar en 2% til séreignardeildar nema sérstaklega sé óskað eftir að allt skylduframlagið skuli fara í samtryggingardeildina. Í árslok 2013 námu heildareignir sjóðsins 51,3 milljörðum króna og hafði sjóðurinn þá vaxið um 14,2% á árinu.

### Afkoma

Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var góð þegar tekið er mið af áhættustigi sjóðsins og fjárfestingarmöguleikum. Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 8,7% á árinu 2013 og raunávöxtun 4,8%. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 44.511 m.kr. og hækkaði um 13,8% á milli ára. Vísitala neysluerðs hækkaði um 3,7% á árinu.

Nafnávöxtun Séreignarleiðar 1 var 5,1% og hrein raunávöxtun var 1,4%. Hrein eign í árslok var 6.045m.kr. og jókst um 15% á milli ára. Nafnávöxtun Séreignarleiðar 2 var 14,3% og hrein raunávöxtun 10,3%. Hrein eign í árslok nam 734 m.kr og hækkaði um 29,9% á milli ára. Nafnávöxtun Séreignarleiðar 3 var 4,6% og hrein raunávöxtun 0,9%. Hrein eign í árslok var 69 m.kr. og hækkaði um 27,1%.

### Iðgjöld og lífeyrir

Samanlögð iðgjöld ársins 2013 námu 3.318 m.kr. og námu sam-  
anlagðar lífeyrisgreiðslur 683 m.kr. Hlutfall lífeyris af saman-  
lögðum iðgjöldum var 20,6%. Iðgjöld í samtryggingardeild voru

2.564 m.kr. og hækkuðu um 5,9% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.566. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 301, lífeyrisgreiðslur voru 512 m.kr., og lífeyrir sem hlutfall af ið-  
gjöldum var 21,2%. Iðgjöld í séreignardeild námu 754 m.kr. og hækkuðu um 5,2%. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.073. Fjöldi lífeyrisþega var 106 og lífeyrisgreiðslur voru 139 m.kr. eða sem nemur 18,4% af iðgjöldum.

### Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða í árslok 2013 var 1,3%. Staða áfallinna skuldbindinga nam -3,0% en staða framtíðarskuldbindinga var 7,0%. Staða sjóðsins er vel innan þeirra marka sem áskilið er í lögum en rétt er að benda á að við útreikning tryggingafræðilegu stöðunnar hefur verið stuðst við örorkulíkur sem endurspeglar betur en áður sögulegt vægi örorkulífeyris í sjóðnum.

### Laun og stöðugildi

